

22. fundur Samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 1. mars 2016 og hófst hann kl. 10:00

Fundinn sátu:

Jón Hrói Finnsson formaður, Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu, Jóhannes Ingibjartsson aðalmaður og Ólafur Guðmundsson aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Laufey Jónsdóttir, Verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. 1410165 - Dalbraut 6 - umræða um lóðamál

Til fundarins mætti Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags og umhverfis til umræðu um lóðamál.

Umræðan miðast við að húsnæðið að Dalbraut 6 verði notað undir þjónustumiðstöð. Skipuleggja þarf lóðina út frá því að möguleiki sé á stækkun hússins um allt að 250 m² og hvar best væri að hafa bílastæði. Miðað við núverandi starfsemi og fjölda sem sækir þjónustumiðstöð þarf að hafa til afnota 40-50 bílastæði. Við hönnun bílastæða þarf að gera þarf ráð fyrir að hátt hlutfall notenda er hreyfihamlað t.d. með breikkun almennra bílastæða. Einnig þarf að gera ráð fyrir grænu svæði við húsið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.

*Jóhannes Ingibjartsson
Ólafur Guðmundsson
Jón Hrói Finnsson
Laufey Jónsdóttir*